

ALMANNAÞJÓNUSTUNA VERÐUR AÐ EFLA - Í HÚFI ER ÍSLENSKA VELFERÐARÞJÓÐFÉLAGIÐ

Styrkur Íslendinga um áratugi hefur verið samheldið og traust samfélag. Úr þeim jarðvegi hefur vaxið og dafnað fjölskrúðugt mannlíf, blómleg menning og kröftugt atvinnulíf. Litið hefur verið á stöðugleika sem markmið að keppa að enda mikilvægt fyrir fjölskyldur jafnt sem fyrirtæki að búa við jafnvægi og hafa fast land undir fótum. Þessum stöðugleika er nú ógnað með vaxandi misskiptingu í þjóðfélaginu. Misskiptingin gengur í berhögg við réttlætiskennnd fólks og heggur þannig á þau bönd sem hnýtt hafa samfélagið saman. BSRB varar við þessari þróun og hvetur til markvissra aðgerða til að sporna við henni.

Neyðarástand að skapast

Öflug velferðarþjónusta er mikilvæg forsenda stöðugleika. Hún stuðlar að jöfnuði og réttlæti í þjóðfélaginu. Brýnt er að hún sé í stöðugri framför og veiti samfélaginu öllu þá bestu þjónustu sem völ er á. Ljóst er að gera þarf stóráttak til þess að efla grunnþjónustu samfélagsins ef ekki á illa að fara. Mjög alvarlegar blikur eru nú á lofti. Sums staðar er mannekjan slík að horfir beinlínis til landauðnar. Á sjúkrahúsum og dvalarheimilum fyrir aldraða, á stofnunum fyrir fatlaða, innan löggæslunnar og víðar í grunnþjónustu samfélagsins verður sífellt erfiðara að ráða fólk til starfa á þeim kjörum og við þau skilyrði sem starfsfólki eru búin. Mannekjan veldur síðan enn meira álagi á starfsfólkið og vinda erfiðleikarnir þannig upp á sig. Samfélagið þarf að horfast í augu við þá staðreynd að ef lengur verður látið reka á reiðanum stefnir í óefni, ef ekki neyðarástand.

Verjum fjölskylduna

Fjölskyldan í sinni margbreytilegu mynd er grunneining samfélagsins. Hana ber að styrkja og hlúa að í hvívetna. Samfélagið þarf að tryggja fjölskyldunum trausta umgjörð með öflugri velferðarþjónustu. Þá er ljóst að traustar atvinnutekjur og rúmur frítími geta skipt sköpum fyrir gott fjölskyldulíf. Kjarasamningar verða því að taka mið af þörfum fjölskyldunnar allrar.

Óþolandi kjaramisrétti

Kjarakannanir hafa sýnt að bilið á milli lægstu og hæstu hópanna fer stöðugt vaxandi og engin teikn eru á lofti um að tekist hafi að minnka kynbundið launamisrétti. Við þetta verður ekki unað lengur. Þá hafa kjarakannanir staðfest að starfsfólk almannaþjónustunnar hefur dregist aftur úr öðru launafólki í kjörum og í komandi kjarasamningum er ljóst að aðildarfélag BSRB munu leggja mikla áherslu á að rétta hlut félagsmanna sinna á vinnumarkaði.

Í ljósi þessa krefst BSRB:

- að kjör innan almannaþjónustunnar verði stórbætt og starfsfólki þar eigi búin lakari kjör en þau sem best gerast á vinnumarkaði
- að kynbundið launamisrétti verði upprætt.